

Reykjavík 6. desember 2010

## Úrskurður nr. 26/2010

Í dag var hjá Tollstjóra kveðinn upp svofelldur

### Ú R S K U R Ð U R

**Kærandi:** A

**Kæruefni:** Tollflokkun, Toyota Hiace X

#### I. Kæra

Með bréfi, dags. 2. nóvember 2010 hefur A, kært skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 ákvörðun Tollstjóra, dags. 28. október 2010, um tollflokkun á bifreiðinni Toyota Hiace með fastanúmer X. Kærandi krefst þess aðallega að ákvörðun tollstjóra verði felld úr gildi og að bifreiðin verði felld undir tollskrárnúmer 8704.2191 sem taki til ökutækja til vöruflutninga. Kærandi krefst þess til vara að ákvörðunin komi ekki til framkvæmda gagnvart kæranda. Um leið er lögð fram beiðni um að stjórnarsýsluframkvæmd komi ekki til framkvæmda fyrr en í fyrsta lagi 4 mánuðum eftir að tollstjóri hefur kveðið upp úrskurð sinn.

#### II. Málsmeðferð

Þann 25. október 2010 flutti kærandi inn bifreið af gerðinni Toyota Hiace frá Hollandi með sendingu með sendingarnúmeri E BRU 25 10 0 NL RTM W176. Bifreiðin hlaut EDI-afgreiðslu þann 26. október 2010 og var flokkuð í tollflokk 8704.2191 sem ökutæki til

vöruflutninga. Þann 28. október sl. gerði Tollstjóri athugasemd við tollafgreiðsluna en skoðun á bifreiðinni leiddi í ljós að hliðarhurðir á vörurými bifreiðarinnar voru með opnanlegum gluggum. Þá komu önnur atriði til skoðunar sem geta skipta máli við tollflokkun. Loft bifreiðarinnar var til að mynda klætt og með ljósum. Þá taldist nokkuð auðvelt að fjarlægja þil á milli vörurýmis og ökumanns. Ákvörðun var tekin um að bifreiðina bæri að tollflokka í tollflokk 8703.3291, en þar undir falla bifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, aðallega gerð til mannflutninga og var m.a. vísað í skýringarbækur Alþjóðatollastofnunarinnar<sup>1</sup>. Ákvörðunin var kærð með bréfi dags. 2. nóvember sl. Tollstjóri bað um nánari gögn til rökstuðnings frá kæranda og barst sölubæklingur embættinu þann 16. nóvember með tölvupósti. Þá fór fram skoðun á bifreiðinni af hálfu embættis Tollstjóra.

### **III. Meginröksemdir kæranda**

Meginröksemdir kæranda eru að bifreiðin hafi verið rangt flokkuð með tilliti til gerðar hennar og notkunarmöguleika. Kærandi bendir á að í skýringarritum Alþjóðatollastofnunarinnar séu talin upp sjónarmið sem líta beri til við flokkun bifreiðanna sem geri flokkun bifreiðanna töluvert matsatriði. Jafnframt telur hann upp bókliði a til e úr skýringarbókum við vöruliði 8703 og 8704 og ber saman við umrædda bifreið og telur að bifreiðin falli betur að vöruliði 8704 við þann samanburð.

### **IV. Niðurstöður**

Ágreiningur í máli þessu snýst um tollflokkun bifreiðarinnar Toyota Hiace með fastnúmer X. Meginnotkun bifreiðarinnar er vöruflutningur skv. vörulýsingu í sölubæklingi kæranda og upplýsingum framleiðanda. Í bæklingnum er fjallað um bifreiðina sem vinnu- eða rekstrarbifreið og mikið lagt upp úr stærð og lögun hleðslurýmis. Tekið er fram að kaupa megi bifreiðina í mismunandi útgáfum til að mæta þörfum viðskiptavinar. Bifreiðin X er svokallaður Toyota Hiace langur, með þili milli farþegarýmis og vörurýmis, rennihurðum á hliðum sem hafa opnanlega glugga, en lengri útfærslan er ekki fánleg á Íslandi án hliðarglugga, sbr. bls. 11 í sölubæklingnum. Vörurými bifreiðar er óinnréttað að undanskildu lofti sem er teppalagt. Þá er bifreiðin einnig með opnanlegum hurðum að aftan.

---

<sup>1</sup> *Harmonized Commodity. Description and Coding System. Explanatory notes. Fourth edition (2007). Volume 5, sections XVI-XXI.*

Skýringarbækur Alþjóðatollastofnunarinnar vísa í einkenni bifreiða eða í sérkenni í hönnun þeirra sem *yfirleitt* gefi til kynna hver sé megingilgangur bifreiðarinnar, þegar til álita kemur hvort tollflokka beri bifreið í vörulið 8703 eða 8704<sup>2</sup>. Við hvorn vörulið fyrir sig er að finna upptalningu á útlitseinkennum bíla sem eru lýsandi og almennt notaðar (e. generally applicable) fyrir bifreiðar í þeim vörulið. Einungis eitt af þeim fimm atriðum sem eiga undir skilgreiningu vöruliðar 8703 eiga við um bifreiðina X, þ.e. að um sé að ræða bifreið sem aðalega sé gerð til mannflutninga en í c-lið athugasemda við vöruliðinn segir: „*Presence of sliding, swing-out or lift-up door or doors, with windows, on the side panels or in the rear;*“ en eins og áður kom fram hefur bifreiðin opnanlega glugga á afturhurðum.

Bifreiðin uppfyllir hins vegar að fullu eða hluta þrjú af fimm skilgreiningaratriðum vöruliðar 8704, þ.e. ökutæki til vöruflutninga. Skilyrðin eru svohljóðandi : „(a) *Til staðar séu sæti án öryggisbúnaðar (öryggisbelti eða þar til gerðar festingar til að setja öryggisbelti í) eða þægindi fyrir farþega í afturrými bakvið öikumansrými og farþega fram í. Slík sæti eru venjulega hægt að brjóta eða fella saman til að leyfa fulla notkun á gólfi í afturrými (sendiferðabifreiðar) eða aðskilinn pall (pallbifreiðar) til að flytja farm. (b) Til staðar sé aðskilið rými fyrir bílstjóra og farþega og aðskilinn pallur með hliðarþiljum og afturhlara (pallbifreiðar). (c) Ekki séu afturgluggar meðfram afturhliðum; til staðar séu ýmist rennihurðar, opnanlegar út eða upp eða hurðar, án glugga, á afturhliðum eða í afturrými til hleðslu eða affermingu vara (sendibifreiðar); (d) Til staðar sé varanlegt þil eða hindrun milli bílstjóra og farþegarýmis og afturrýmis; (e) Ekki séu til staðar hlutir til þæginda og innréttingar og frágangur í vörurými sem tengja má við farþegarými bifreiða (gólfklæðningu, loftræsting, ljósabúnaður, öskubakkar).*

A-liður á ekki við þar sem bifreiðin hefur engin varanleg sæti í vörurými. Þar er ekki heldur gert ráð fyrir bekkjum eða festingum fyrir sæti né tilheyrandi öryggisbúnaði. B -liður á einungis við um pallbíla og kemur því ekki til skoðunar. C-, d- og e-liður eiga að hluta eða öllu leyti við um bifreiðina. Enga glugga er að finna á afturhliðum bifreiðarinnar en gluggar eru þó á hliðarrennihurð. Varanlegt skilrúm er á milli farþegarýmis og vörurýmis. Möguleiki til losunar verður ekki metinn hér enda telst það atriði ekki hafa úrslitagildi um niðurstöðu í málinu. Engin þægindi eða innréttingar eru í afturrými sem benda til að bifreiðin sé ætluð til flutnings á farþegum og ekki er gert ráð fyrir tilheyrandi festingum fyrir slíkan búnað.

---

<sup>2</sup> *Harmonized Commodity. Description and Coding System. Explanatory notes. Fourth edition (2007). Volume 5, sections XVI-XXI, chapters 85-97. Bls. XVII-8704-1 og XVII-8704-2*

Niðurstaða málsins veltur á því hvort bifreiðin sé sérstaklega hönnuð eða beri frekar einkenni þess að vera ætluð til mannflutninga eða vöruflutninga. Ljóst er að breyta þarf bifreiðinni umtalsvert í því skyni að hægt verði að nýta hana til fólksflutninga. Með vísan til ofangreinds verður fallist á það með kæranda að varan hafi verið færð í rangan tollflokk. Varan skal færð í vörulið 8704 og undirflokk 2191, þ.e. sem ökutæki til vöruflutninga.

## Ú R S K U R Ð A R O R Ð

Embætti tollstjóra úrskurðar skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 með vísan til þess sem rakið er hér að framan að ákvörðun um tollflokkun bifreiðarinnar X, dags. 28. október 2010 er felld úr gildi. Vöruna ber að tollflokka í tollflokk nr. 8704.2191.

### **Kæruréttur**

Úrskurðinum er heimilt að skjóta til Ríkistollanefndar, Skúlagötu 57, Reykjavík, innan 60 daga frá póstlagningardegi bréfs þessa, sbr. 1. mgr. 118. gr. tollalaga.